

**Ed.**

**626. Breytingartillaga**

**[185. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Inn í 7. gr. laganna bætist nýr stafliður, er verði F-liður, svo hljóðandi:

Nú hlutast ríkisstjórnin til um, að hærri lán séu veitt til einhverra bygginga en almennar reglur Húsnæðismálastofnunarinnar mæla fyrir um eða að greiðslur verði örari en almennt tíðkast hjá stofnuninni, og skal þá óheimilt að láta hin auknu útlán, er þannig skapast, bitna á almennu útlánastarfseminni, heldur skal ríkisstjórninni þá skylt að útvega byggingarsjóði aukið fjármagn, sem útlánaaukningunni nemur.